

Alþingi  
Erindi nr. P 127/748  
komudagur 18.2.2002



Akureyrar bær  
Bæjarstjóri

Alþingi  
Hildur Njarðvík  
Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga - 378. mál  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 15. febrúar 2002  
Tilvísun: 2002010127 / 01-106-01

**Efni: Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga - 378. mál**

Bæjarráð hefur á fundi sínum í gær gert eftirfarandi bókun:

**"Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga - 378. mál**

Lagt fram erindi framkvæmdastjóra Norðurorku dags. 5. febrúar sl. varðandi athugasemdir við frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.

Bæjarráð tekur undir framkomnar athugasemdir framkvæmdastjóra Norðurorku og samþykkir að senda umsögnina til félagsmálanefndar Alþingis."

Athugasemdir:

1. gr.

*Breyting á 1. gr:*

Norðurorka fagnar breytingu á 1. gr. sem gerir kleift að reka vatnsveitu td. í hlutafélagsformi. Þetta auðveldar Norðurorku að færa rekstrarform fyrirtækisins í heild í annað form en nú er, td. hlutafélag.

2. gr.

*Breyting á 5. gr:*

Norðurorka telur eðlilegt að sett séu mörk á "arðtöku" af vatnsveitum. Það er hinsvegar "eigenda" að segja til um hver þessi "arður" á að vera.

*Til upplýsingar:*

Norðurorka hefur í undirbúningi, ásamt fleirum að leggja til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögum um vatnsveitur, til viðbótar við framanskráð.

4.gr. endar á þessari setningu. "Eigandi heimæðar kostar viðhald hennar".  
Lagt er til að þetta falli út þar sem það skapar misskilning.

8.gr. Lagt er til að fyrsta málsgrein hljóði svo. Af öllu atvinnuhúsnæði og af íbúðum þar sem notkun er meiri en hefðbundin heimilisnotkun er heimilt að innheimta sérstakt aukavatnsgjald.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,



Sólveig Gunnarsdóttir